



Valfrelsi í grunnskólum

Verslunarráð Íslands
Júní 2003

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Fjölbreytt rekstrarform skóla í öðrum löndum.....	5
Holland	6
Danmörk.....	7
Bretland og Ástralía	8
Svíþjóð	9
Umræður um einkarekstur skóla hérlandis	11
Staða sjálfstæðra skóla á Íslandi	14
Grunnskólar.....	14
Ísaksskóli	16
Landakotsskóli	17
Waldorfsskólinn Sólstafir.....	17
Viðhorf Reykjavíkurborgar	19
Andstaða við tvö kerfi	19
Tillögur VÍ til úrbóta	22
Einkaskólar í lögum	22
Landið eitt skólaumdæmi	23
Aukinn sveigjanleiki í rekstri skóla	23
Afnám miðstýringar á útgáfu kennslugagna.....	24
Þátttaka Sambands íslenskra sveitarfélaga	24
Heimildaskrá:.....	25

Inngangur

Verslunarráð Íslands hefur lengi látið menntamál sig varða og hefur tekið þátt í uppbyggingarstarfi í skólamálum allt frá því snemma á síðustu öld er ráðið tók yfir rekstur Verzlunarskóla Íslands. Fyrir nokkrum árum bættist svo Háskólinn í Reykjavík (áður Tölvuháskóli Verzlunarskóla Íslands) við það menntastarf sem ráðið kemur að með beinum hætti. Verslunarráð telur það þó ekki síður sitt hlutverk að efla umræðu um menntamál almennt og hvetja aðra áfram á braut uppbyggingar og þróunar á sviði skólamála. Atvinnulíf á Íslandi og lífsgæði okkar sem hér búum á allt undir því að menntun hér á landi sé á við það sem best gerist erlendis, og í raun betri.

Það er mikilvægt að hafa í huga að menntun byggist á afar fjölbreyttri þekkingu og er ekki föst stærð sem engum breytingum tekur. Þar af leiðandi er óvarlegt að ætla að skóla og kennsluhætti megi fastsetja í eitthvert tiltekið form. Skólar verða að geta brugðist við þörfum bæði nemenda og foreldra og svarað eftirspurn á hverjum tíma og á hverjum stað fyrir sig. Skóli sem hentar einum þarf ekki að henta öðrum og góðar kennsluaðferðir í einu landi virka ekki endilega í öðru. Með hliðsjón af þessu vill Verslunarráð að möguleikar á valfrelsi foreldra í skólakerfinu séu til umræðu, með hagsmuni nemenda og foreldra að leiðarljósi. Með þessari skýrslu um stöðu einkarekinna grunnskóla hér á landi og erlendis vill Verslunarráð gera tillögur um breytingar sem miða að því að auka fjölbreytni í grunnskólamenntun og styrkja sjálfstæða grunnskóla

Undanfarið hefur ríkt blómaskeið í háskólalífi landsmanna sem er fyrst og fremst til komið vegna nýrra háskólalaga sem sett voru árið 1997 í tíð Björns Bjarnasonar fyrrverandi menntamálaráðherra. Með nýjum lögum var hleypt lífi í háskólastarfsemina. Minni háskólar tóku til starfa og veittu Háskóla Íslands nokkra samkeppni og samanburður milli háskóla varð mögulegur. Nú eru fleiri nemendur í háskólum en nokkru sinni fyrr sem skýrist fyrst og fremst með

aukinni fjölbreytni. Mismunandi skólar ná að sinna mun betur en áður mismunandi einstaklingum.

Verslunarráð Íslands telur að sams konar uppgangstími sé mögulegur á sviði grunnskóla- og framhaldsmenntunar ef rétt er á málum haldið. Þar er brýnast að opna fyrir fjölbreytni; heimila skólastjórnendum, kennurum, foreldrum eða sérhæfðum fyrirtækjum að taka við rekstri skóla eða setja á laggirnar nýja skóla um leið og opinberir skólar fái aukið svigrúm til athafna og sjálfstæðis.

Á síðustu mánuðum hefur komið betur í ljós sá hugmyndafræðilegi ágreiningur sem er til staðar á vettvangi stjórnmálanna um uppbyggingu og þróun grunnskóla. Þessi ágreiningur hefur aðallega birst í ólíkum hugmyndum um greiðslur til einkaskóla. Fyrir síðustu alþingiskosningar voru nefndar hugmyndir um að breyta mætti fyrirkomulagi greiðslna til háskóla á þann veg að ef skólagjöld eru greidd af einstaklingum þá lækki framlag ríkis að sama skapi. Svipuð umræða á sér nú stað varðandi framlög til grunnskóla þar sem ólíkar hugmyndir eru uppi um hvernig hið opinbera eigi að styðja við bakið á þeim einkareknu grunnskólum sem starfandi eru í Reykjavík.

Íslenskt viðskiptalíf skynjar mikilvægi þess að hér sé vel á málum haldið til framtíðar og vill taka þátt í þeirri umræðu sem þarf að fara fram um grunnskólamenntun í landinu. Það er von Verslunarráðs að þessi skýrsla og þær tillögur sem settar eru fram geti orðið hluti af þeirri hugmyndavinnu sem nauðsynleg er til að bæta grunnskólamenntun landsmanna.

Fjölmargir komu að gerð skýrslunnar með einum eða öðrum hætti og kann Verslunarráð þeim öllum bestu þakkir fyrir. Af hálfu ráðsins var skýrslan unnin af Kristínu Pétursdóttur, Sigríði Á. Andersen og Þór Sigfússyni.

Fjölbreytt rekstrarform skóla í öðrum löndum

Því er stundum haldið fram í dag, í frjálsum ríkjum Vesturlanda, að það sé eitt helsta hlutverk ríkisins að veita borgurunum menntun. Það hvarflar ekki sumum að aðrir en ríkið geti tekið þetta hlutverk að sér og séu jafnvel mun betur til þess fallnir. Það hefur þó verið bent á það í gegnum aldirnar að frelsi í menntamálum sé ein besta leiðin til að tryggja skoðanafrelsi og hefur það verið mikið baráttumál í sumum löndum að tryggja að hið opinbera einoki ekki menntastarf. Þannig hafa ákvæði þess efnis ratað inn í stjórnarskrár ýmissa landa í Evrópu. Í bandarísku fylkjunum Maine og Vermont hefur sveitarfélögum þeirra lengi verið óheimilt að hafa annað en einkaskóla. Í einu þeirra var meira að segja árið 1995 atkvæðagreiðsla um hvort sveitarfélagið skyldi byggja skóla en hún var felld. Það er þess vegna ekki fjarstæðukennd hugmynd að skólar séu alfarið á hendi einkaaðila.

Víða um heim hefur farið fram umræða um hvernig bæta megi menntun með því auka svigrúm fyrir fleiri rekstrarform skóla. Framsetning og áhersla þeirra sem hafa sett fjölbreytt rekstrarform á oddinn er að nokkru leyti ólík. Þannig er til að mynda ýmist rætt um „sjálfstæða skóla“ eða „charter“ skóla og er þá átt við það þegar gerður er þjónustusamningur við sjálfstætt starfandi skóla. Loks er einnig talað um „einkaskóla“. Þegar grannnt er skoðað kemur þó í ljós að þær breytingar sem gerðar hafa verið á skólakerfinu víða um heim eru almennt í átt til aukins valfrelsis nemenda og foreldra og hvíla allar á þeirri meginhugmynd að tryggja þurfi foreldrum sjálfstæðan rétt til vals og nemendum einstaklingsmiðað nám. Þá hefur verið lögð áhersla á að skilja á milli þess að kosta þjónustu, að veita hana og hafa eftirlit með henni. Markmiðið er fyrst og fremst að hanna kerfið, eða kerfin, fyrir notandann en ekki fyrir hið opinbera. Að svo miklu leyti sem hægt er að vísa til þróunar hér á landi má segja að hægfara þróun hafi orðið á eðli einkaskólanna að því leyti að þeir hafi færst í átt að sjálfstæðum skólum. Sjálfstæðir skólar hafa þeir einkaskólar verið kallaðir erlendis sem fá greitt frá hinu opinbera fyrir hvern nemanda, oft auk þess að innheimta skólagjöld.

Það er einnig ljóst að reynsla úr opinbera skólakerfinu víða í heiminum er að sumu leyti lík. Starfsmenn opinberu skólanna gera sitt besta en svigrúm þeirra til athafna og frumkvæðis er mjög takmarkað. Þessar stofnanir leggja áherslu á „veitandann“ á meðan einkaskólar leggja meiri áherslu á „notandann“. Þá hefur komið í ljós að árangur nemenda eykst ekki í réttu hlutfalli við aukið fjármagn til opinberu skólanna. Skortur á sjálfstæði skóla og pólitísk miðstýring er yfirleitt orsök slaks árangurs en ekki lækning.

Hér á eftir verður nánar fjallað um valfrelsi og sjálfstæða skóla í nokkrum löndum OECD þar sem reynsla er komin á ólík rekstrarform í skólum.

Holland

Löng hefð er fyrir sjálfstæðum skólum í Hollandi og þar eru starfræktir margs konar skólar á grunnskólastigi. Réttur manna til þess að stofna skóla hefur þótt afar mikilvægur þar í landi enda fjallar stjórnarskrá landsins sérstaklega um þennan rétt sem í eðli sínu er hluti af skoðanafrelsi sem og atvinnufrelsi. Kostnaður vegna hollenska menntakerfisins er nálægt meðaltali OECD. Áðurnefnt stjórnarskrárákvæði hefur tryggt að allir skólar njóti jafnræðis í fjármögnun af hálfu hins opinbera.

Skólagjöld í Hollandi eru engin. Segja má að hollenska hugmyndin um stuðning við ólík rekstrarform sé sú að foreldrar eigi að geta valið á milli opinberra skóla og einkaskóla án tillits til efnahags. Ef hið opinbera leggur til fé í bæði kerfin, þá jafnast aðstöðumunur barnanna og þau efnaminni eiga möguleika á að komast í þá skóla sem foreldrar velja þeim. Leggi ríkið ekkert til einkaskólanna, geta þeir valið og hafnað nemendum að vild.

Tiltölulega auðvelt er að setja á laggirnar skóla í Hollandi en nú hafa þó verið sett skilyrði um lágmarksstærð sem miðar við 333 nemendur í borgum og 200 í sveitum. Fjármögnun skólanna er að sumu leyti byggð á hugmyndum um ávísanakerfi þannig að viss fjárhæð fylgir hverjum nemanda. Skólar senda inn fjölda skráðra nemenda á hverju hausti og fá úthlutað samkvæmt því. Hluti af

fjármögnun skólanna felst í frjálsum framlögum frá foreldrum og fyrirtækjum. Hið opinbera fer síðan með mjög strangt eftirlit með starfsemi skólanna.

Sjálfstæðir skólar í Hollandi hafa víða vakið athygli fyrir framúrskarandi menntun og góðan rekstur. Skólarnir keppa um nemendur og það er mikill hvati til að gera betur. Lykillinn að þessum árangri er án efa sá að skólarnir hafa meiri sveigjanleika í stjórnun, byggja á nánari samskiptum við foreldra og geta hannað kennsluna að eigin geðpótt. Hollenska líkanið er talið sýna að það reynist farsælt að auka valfrelsi foreldra og samkeppni milli skóla.

Danmörk

Á meðan um 70% hollenskra barna ganga í sjálfstæða skóla stunda um 12% danskra barna nám við sjálfstæða skóla. Í skýrslu Adam Smith Institute, *Learning from Europe*, kemur hins vegar fram að sjálfstæðir skólar séu þó nógu margir í Danmörku til þess að veita opinberu skólunum nokkurt aðhald.

Allir skólar eiga rétt á 80-85% af rekstrarkostnaði frá sveitarfélagi. Algengt er þó að átján prósent af tekjum grunnskóla í Danmörku komi frá foreldrum, fimm prósent með frjálsum framlögum og frá stofnunum og 77% frá hinu opinbera. Framlag á nemanda í sjálfstæðum skólum miðast við framlög til opinberu skólanna. Sveitarfélögin greiða minna til sjálfstæðra skóla þar sem innheimt eru skólagjöld en foreldrar með lágar tekjur geta sótt um ókeypis pláss. Þannig er öllum tryggður aðgangur burt séð frá efnahag eða félagslegum aðstæðum.

Upp úr 1980 voru gerðar umtalsverðar breytingar á danska skólakerfinu sem miðuðu að því að gefa foreldrum val, skólunum aukið sjálfstæði og láta fjármagn til skólanna ráðast af innritunum. Þessar breytingar mættu mikilli andstöðu stéttarfélaga kennara og var snúið af þessari braut í grunnskólum. Í verkmenntaskólum héldu þessar umbætur áfram og er árangurinn talinn mjög góður.

Danska grunnskólakerfið líkist að mörgu leyti því íslenska að valfrelsi foreldra er nokkuð takmarkað. Stefna skólayfirvalda í Danmörku er mismunandi eftir

sveitarfélögum. Yfirvöld í einstökum sveitarfélögum geta hafnað umsókn foreldra um að barn sæki skóla utan síns skólahverfis. Þetta stangast á við stjórnarskrárbundinn rétt danskra foreldra til að velja skóla fyrir börnin sín og hefur leitt til þess þeir sem vilja halda fram rétti sínum til valfrelsis leita í þau sveitarfélög sem bjóða upp á bestu skólana og geta tryggt foreldrum val.

Þrátt fyrir fáar lagalegar hindranir fyrir því að að stofna skóla í Danmörku gera stífar og ósveigjanlegar námsskrár það að verkum að svigrúm rekstraraðila er í raun lítið á efra grunnskólastigi.

Danskir foreldrar eru yfirleitt ánægðir með grunnskóla en fram kemur í könnunum að foreldrar með börn í sjálfstæðu skólunum virðast ánægðari en hinir (Danska fjármálaráðuneytið, 2000,22). Nemendur í sjálfstæðu skólunum standa sig betur í prófum en nemendur í opinberum skólum. Sjálfstæðu skólarnir virðast bregðast betur við þörfum og óskum foreldra en opinberu skólarnir, kostnaður á nemenda er lægri, einkunnir eru hærri og foreldrar eru almennt ánægðari með menntun barna sinna en foreldrar barna í opinberu skólunum (Adam Smith Institute, 2002,35).

Af 50 bestu skólunum í Danmörku eru 22 sjálfstæðir skólar.

Bretland og Ástralía

Þegar skoðuð eru dæmi frá engilsaxnesku löndunum eins og Bretlandi og Ástralíu kemur í ljós að á Bretlandseyjum leggur hið opinbera ekkert til einkaskóla.

Bæði á Englandi og í Wales eru sveitarfélög treg til þess að gefa foreldrum eftir það vald að velja skóla fyrir börnin. Skýringin á því er að sveitarfélögin telja verulega hættu á óhagræði ef val foreldra þýðir að einn opinber skóli stendur auður á meðan stækka þarf vinsælli skóla.

Í Ástralíu hefur sjálfstæðum skólum farið fjölgandi en þeir sinna nú tæplega 28% grunnskólanemenda. Á meðan nemendum í opinberum skólum fjölgaði

um 1,4% á tímabilinu 1991-2001 fjölgaði nemendum í sjálfstæðum skólum um 19% á sama tímabili.


Svíþjóð

Svíþjóð er ágætt dæmi um land þar sem gangverki menntamála hefur verið breytt, úr algerlega miðstýrðu og lokuðu kerfi í kerfi sem veitir töluverða möguleika á nýjungum og virðir valfrelsi foreldra. Líkt og hér á landi eru grunnskólar í Svíþjóð á forræði sveitarfélaganna. Árið 1992 varð sú meginbreyting á að sveitarfélögum var gert skylt að styðja með fjárframlögum sjálfstæða grunnskóla en þeir höfðu áður verið fáir og aðeins sinnt um 1% nemenda. Um leið voru hverfa- og sveitarfélagahöft afnumin og foreldrum sjálfum falið að velja skóla fyrir börn sín. Markmiðið með þessum breytingum á skólalöggjöf í Svíþjóð var að jafna aðstöðuna milli sjálfstæðra skóla og þeirra sem sveitarfélögin sjálf reka. Starfsleyfi skóla í Svíþjóð er þó háð samþykki yfirvalda menntamála.

Yfir tíu ára reynsla er nú komin á það kerfi sem Svíar búa við í dag og virðist hún vera góð og sjálfsagt fáir í Svíþjóð sem myndu vilja hverfa aftur til hinnar miðstýrðu skólastefnu. Það hafa ekki síður verið kennarar sem hafa fagnað breyttu ástandi. Í könnun sem Samtök sænsks atvinnulífs gerðu á meðal kennara sem höfðu yfirgefið opinberu skólana kom í ljós að mikill meirihluti þeirra var ánægður með aðstæður sínar og það frelsi sem þeir búa nú við í störfum sínum. Þar af leiðandi hefur stéttarfélag starfsmanna sveitarfélaga látið af andstöðu sinni við framvindu mála. Frá árinu 1992 hefur gríðarleg breyting orðið á skólum í landinu. Fjöldi sjálfstæðra skóla hefur fimmfaldast og fjöldi nemenda hefur fjórfaldast. Enn sem komið er eru einkaskólar þó ekki stór hluti af sænskum grunnskólum og einungis rúmlega 5% af sænskum grunnskólanemum stunda nám við sjálfstæða skóla. Samt sem áður er vert að hafa í huga að líklega hvergi annars staðar í Evrópu er jafn auðvelt að stofna skóla og í Svíþjóð. Ár hvert er fallist á fjölda umsókna um starfsleyfi og er engin ástæða til annars en að ætla að hlutur einkarekinna skóla í Svíþjóð vaxi mjög á næstu árum.

Sömu viðfangsefni og vandamál eru að koma upp í grunnskólum í ýmsum löndum Evrópu; foreldrar vilja aukið val um leið og hið opinbera óttast óhagræði samfara fjölbreytni og kennarasamtök standa oft á tíðum gegn breytingum.

Hlutfall nemenda í sjálfstæðum og opinberum skólum í nokkrum löndum 1999/2000.



Umræður um einkarekstur skóla hérlandis

Segja má að umræða um einkaskóla hérlandis hafi lifnað töluvert við á níunda áratugnum. Þá voru kynntar hugmyndir Miltons Friedmans um ávísanakerfi í skólum með bók hans *Frelsi og framtak* sem Almenna bókafélagið og Félag frjálshyggjumanna gáfu út árið 1982. Ávísanakerfi kallast það þegar hverju barni (foreldrum) er afhent ávísun sem hægt er að nýta til kaupa á menntun. Kostum ávísanakerfisins lýsti Friedman svo:

Við þetta fyrirkomulag gæti samkeppni orðið til. Þróun og umbætur væru þannig örvaðar. Samkeppnin yrði til þess að auka holla fjölbreytni. Hún yrði ekki síður til þess að skólarnir yrðu sveigjanlegri.

Eins og með ýmsar nýjar hugmyndir þóttu þessar hugmyndir róttækar þá en eru nú ræddar fordómalaust víða um heim. Stofnun Jóns Þorlákssonar gaf út ritið *Einkaskólar* þar sem þeir Guðmundur Heiðar Frímannsson heimspekingur og Þorvarður Elíasson skólastjóri fjölluðu um einkarekstur í skólum. Þorvarður fjallar sérstaklega um ávísanakerfið í grein sinni og setur fram þrjú markmið, sem nýtt og virkara kerfi gæti haft:

- 1. Skipulagið hafi örvandi áhrif á hagvöxt með því að knýja skólana til þess að koma til móts við breytilegar þarfir nemenda, atvinnulífs og þjóða, þ.e. að svara síbreytilegri eftirspurn.*
- 2. Skipulagið leiði til góðrar nýtingar fjármuna með því að það sé sami aðili sem rekur skólana og ber ábyrgð á öflun tekna og ráðstöfun þeirra.*
- 3. Allir landsmenn hafi rétt til jafnra fjárframlaga úr ríkissjóði til þess að kaupa sér menntun.*

Og tillögurnar sem Þorvarður setur fram eru:

- 1. Rekstur skóla verði frjáls og í höndum ráðuneytis, sveitastjórna, sjálfseignastofnana eða einkaaðila eftir því sem verkast vill.*

Menntamálaráðuneytið getur hins vegar haft gæðaeftirlit með árangri skólanna eftir því sem ástæða þykir til.

- 2. Fjárframlög ríkissjóðs renni beint til rekstursaðila skólanna eða nemenda sjálfra og sé jafn hátt vegna allra nemenda á sama fræðslustigi.*
- 3. Telji sveitarfélög, samtök atvinnugreina eða stétta ástæðu til að auka fjárframlög til einstakra skóla umfram það sem nemur tekjum þeirra af framlagi ríkissjóðs, þá geri þau svo með eigin fjárframlögum.*
- 4. Menntamálaráðuneytið leggi niður Námsgagnastofnun og skólarannsóknadeild en verji fjármunum sínum heldur til þess að styrkja slíkt starf í skólunum og til kaupa á þjónustu á almennum markaði.*

Á árinu 1985 segir Jónas Kristjánsson eftirfarandi í ritstjórnargrein DV:

Ekki má heldur gleyma, að ávísanakerfi og frjálsir skólar mundu bæta mjög tekjur góðra kennara og ýta lélegum kennurum til annarra starfa, sem henta þeim betur. Nemendur mundu flykkjast í nám til bestu kennaranna, en ekki láta sjá sig hjá hinum, sem ekki geta kennt. Við þessar aðstæður mundi hlutverk hins opinbera felast í eftirliti með frjálsum skólum og kennurum, svo og í útgáfu ávísana fyrir skólakostnaði. Úr töluvert miklum peningum væri að spila, því núverandi ríkisrekstur er afar þungur baggi á ríkissjóði. Nokkur ójöfnuður yrði í frjálsum kerfi því að sumir mundu leggja fé úr eigin vasa til viðbótar ávísunum til að ná í bestu kennsluna. En slíkur ójöfnuður er einnig til í núverandi kerfi, því að sumir kaupa einkatíma til viðbótar því námi, sem þeir fá hjá ríkinu. Ekkert er heldur því til fyrirstöðu, að ráðamenn með félagshyggju gætu notað ávísanakerfi til jöfnunar, það er að segja látið gefa úr hærri ávísanir til nemenda, sem búa við lakari aðstæður eða kjör en aðrir. Frjálshyggja og félagshyggja geta farið saman í ávísanakerfi.

En andstaðan við hugmyndir um breytingar lét ekki á sér standa. Í Fréttabréfi BK (nú Kennarasamband Íslands) um miðjan 8. áratuginn, birtist frétt undir fyrirsögninni: *Varað við einkarekstri í skólakerfinu.* Í fréttinni er sagt frá

aðalfundi Norrænu kennarasamtakanna þar sem samþykkt var greinargerð þar sem alvarlega er varað við áróðri um einkarekstur í skólakerfinu („privatiseringu“) sem hátt hefur dunið að undanfögnu á Norðurlöndum og víðar“. Í greinargerð þessari er bent á að það sé skammsýn stefna að spara í menntakerfinu en afleiðingarnar verði hins vegar langvarandi. Einnig segir að einkarekstur í menntakerfinu yti undir aðskilnað nemenda, mismunun í samfélaginu og „menntun fyrir fáa“ (d. elite-uddannelse) á kostnað fjöldans.

Þetta sama ár birtust greinar í dagblaðinu NT gegn einkaskólum undir yfirskriftinni: *Frjálshyggjuskólar á leiðinni* og *Skólasamkeppni í Grímsey* þar sem dregið var í efa að hér gæti ríkt samkeppni og talið að samkeppni leiddi af sér auglýsingastríð og að skólar fari á hausinn. Blaðið birti ímyndaða auglýsingu frá einkaskóla sem átti að lýsa þeim neikvæðu straumum sem einkaskólar og ávísanakerfi leiddu til. Þar sagði m.a.:

Foreldrar takið eftir: Aðeins það besta fyrir barnið þitt. Holtaskólinn býður barni þínu upp á bestu fáanlegu kennslu nútímans.

og

Fjármálastjóri skólans gefur allar upplýsingar um verð, hina hagstæðu afborgunarskilmála og hinn óviðjafnanlega systkinaafslátt Holtaskólans.

Þessi ímyndaða auglýsing er reyndar svipuð þeim auglýsingum sem nú sjást frá háskólum hérlendis og þykja þær auglýsingar ekkert tiltökumál.

Segja má að mestan part tíunda áratugarins hafi lítil umræða átt sér stað um einkaskóla en að andstæðingar einkareksturs hafi náð að skapa vissan ótta gagnvart hugtakinu einkaskóli, með því að halda því fram að þjóðfélagið yrði stéttskiptara, þeir ríku sendu börnin sín í betri skóla og til yrði yfirstétt í skólakerfinu sem gengi í sérstaka og dýra einkaskóla. Með breytingum sem hafa orðið t.d. á starfsumhverfi háskóla, sem áður er minnst á, hefur komið í ljós að þessar hugmyndir eiga ekki við rök að styðjast.

Staða sjálfstæðra skóla á Íslandi

Margvísleg rekstrarform háskóla hafa rutt sér til rúms á undanförunum árum. Nú eru starfræktir háskólar eins og Háskólinn á Akureyri, Háskólinn í Reykjavík, Listaháskóli Íslands, Tækniháskóli Íslands og Viðskiptaháskólinn á Bifröst en þessir skólar hafa gerbreytt háskólaumhverfinu hérlandis. Mun meira ber á því að áherslur og árangur háskólanna sé borinn saman og nokkur samkeppni ríkir milli þeirra um nemendur. Þá keppast skólarnir við að afla sér fjármagns m.a. frá fyrirtækjum og rannsóknarsjóðum. Það er því óhætt að fullyrða að hér hefur átt sér stað vending í íslensku háskólalífi. Á þeim árum sem liðin eru frá setningu nýrra háskólalaga hefur orðið meiri breyting á háskólaumhverfinu hérlandis en heilu áratugina þar á undan.

Í framhaldsmenntun og starfsmenntun hefur minna áunnist. Atvinnulífið hefur þó nýverið tekið við rekstri Stýrimannaskólans og Vélskóla Íslands. Þá má nefna lðnskólann í Hafnarfirði (einkaframkvæmd) og Hraðbraut, nýjan menntaskóla sem býður upp á styttra nám til stúdentsprófs.

Grunnskólar

Rekstur einkaskóla og sjálfstæðra skóla á grunnskólastigi hefur átt erfiðar uppdráttar bæði vegna viðhorfa ráðamanna í einstökum sveitarfélögum og þess ramma sem þessum stigum er búinn. Það er ekki langt síðan stórstígar framfarir urðu með því að grunnskólar voru fluttir í það sem talið var vera nýtt og traustara starfsumhverfi frá ríki til sveitarfélaga. Samkvæmt nýrri aðalnámskrá grunnskóla er möguleiki á nokkru sjálfræði skóla hvað námsfög varðar. Það gefur ákveðinn tíma sem hægt er að ráðstafa að vild. Það gefur því tilefni til nokkurrar samkeppni milli skóla. Lagaumgjörðin hefur því að vissu leyti skapað skilyrði til þess að frekar verði hlúð að sjálfstæði skóla og fjölbreyttari rekstrarformum.

Hafnarfjarðarbær sýndi nokkurt frumkvæði í þessum efnum með útboði á grunnskóla og leikskóla sem Íslensku menntasamtökin tóku að sér. Nú hefur Hafnarfjarðarbær tekið að nýju við rekstri þessara stofnana og sú ástæða sem bærinn gefur er að samstarfsörðugleikar hafi verið á milli starfsmanna stofnananna og skólanna. Ljóst er þó að nýir forráðamenn bæjarfélagsins höfðu ekki áhuga á einkarekstri skóla. Þeir höfðu það t.a.m. á stefnuskrá sinni fyrir kosningar að leysa bæinn frá áður gerðum samningi, hvort sem einkaframkvæmdin tækist vel eða ekki. Allt þetta mál Hafnarfjarðarbæjar sýnir svo ekki verður um villst að nauðsynlegt er að tryggja að skólar séu lausir við pólitísk afskipti.

Í fjölmiðlum hefur bæði verið fjallað um það sem vel hefur gengið á sviði einkaframkvæmdar, eins og Háskólan í Reykjavík, Viðskiptaháskólan á Bifröst og Lönskólan í Hafnarfirði. Mikil umfjöllun hefur einnig átt sér stað um þau verkefni sem ekki hafa tekist sem skyldi eins og samstarf ÍMS og Hafnarfjarðarbæjar og Snyrtiskóla Íslands. Það sýnir styrk en ekki veikleika fjölbreytninnar að einkaskólar, rétt eins og önnur fyrirtæki, hætti ef áætlanir ganga ekki upp, stjórnun er ekki góð eða að nægilegur fjöldi nemenda skrái sig ekki.

Einkaskólar á grunnskólastigi hafa verið reknir í Kópavogi og Reykjavík. Í Kópavogi er Waldorfskólinn í Lækjarbotnum, en í Reykjavík eru starfræktir 5 einkareknir grunnskólar; Ísaksskóli, Landakotsskóli, Suðurhlíðaskóli, Tjarnarskóli og Waldorfskólinn Sólstafr. Nemendur í einkareknum grunnskólum í Reykjavík hefur fækkað á undanförunum árum en þeir voru 537 árið 2000 en 455 árið 2002. Þessi þróun er afleiðing opinberrar stefnu borgaryfirvalda um að auka ekki umsvif einkaskóla í borginni.

Þegar yfirumsjón með grunnskólum var flutt frá ríki yfir til sveitarfélaga, árið 1996, komst á sú festa sem á hafði skort í styrkveitingum til einkaskóla. Meginbreytingin fólst í því að einkaskólar fengu nú notið jafnræðis hver með öðrum þegar kom að styrk borgarinnar með nemendum einkaskóla. Hins vegar voru styrkirnir ákveðnir fyrir eitt ár í einu en það skapaði nokkra óvissu hjá skólunum. Árið 2000 var þó ákveðið að finna einhvers konar viðmið og var

ákveðið að styrkir til einkaskólanna yrðu jafnháir lægsta viðmiðunargjaldi sveitarfélaganna, þ.e. jafn þeirri fjárhæð sem hver nemandi kostar í ódýrasta skóla borgarinnar, sem er stærsti skólinn og með yngstu kennarana, á hverjum tíma. Núgildandi fyrirkomulag nægir engan veginn einkaskólunum og hyggur Reykjavíkurborg á frekari breytingar á styrkjum til þeirra. Breytingarnar felast þó aðeins í nýjum reikningsaðferðum og er eingöngu einblínt á fjárhæðir í þeim efnum. Í engu er reynt að fjalla um það grundvallaratriði hvort einkaskólar eigi að fá að starfa til jafns á við opinbera skóla.

Hér verður stuttlega rakin staða þriggja einkaskólanna um þessar mundir.

Ísaksskóli

Ísaksskóli var stofnaður árið 1926 af Ísaki Jónssyni. Ísak beitti nýjum hugmyndum í kennslu og áherslum í samskiptum við nemendur sem vöktu athygli og hefur sú menning sem skapast hefur í Ísaksskóla notið virðingar og skólinn verið vinsæll. Nemendur skólans eru í 1. – 4. bekk, auk þess sem einnig er kenndur fimm ára bekkur.

Rekstrartap Ísaksskóla hefur verið um 20 milljónir að jafnaði á ári síðastliðin ár og er ástæðan fyrst og fremst sú að framlög borgarinnar hafa ekki verið í samræmi við það sem gengur og gerist í opinberum skólum. Ísaksskóli býr einnig við fjárhagslegan vanda úr fortíðinni sem má rekja til minni framlaga borgarinnar.

Gera má ráð fyrir að uppsafnaður vandi skólans nemi að óbreyttu allt að 70 milljónum króna í árslok 2003. Árlegt tap síðustu ár hefur verið nálægt 20 milljónir en tapið árið 1999/2000 var tæpar 15 milljónir. Veturinn 2000-2001, 5 milljónir, en þar vantar inn skuld við Reykjavíkurborg upp á rúmar 10 milljónir vegna „ofgreidds styrks” og árið 2001/2002 var tapið 24 milljónir. Miðað við 6 mánaða uppgjör þá stefnir þetta árið í að vera með 22-24 milljóna tap. Hefðu framlög borgarinnar til Ísaksskóla verið í samræmi við meðal framlög til opinberra skóla frá því að grunnskólinn var fluttur yfir til sveitarfélaganna væri ekki um þennan vanda að ræða. Í nýjum tillögum

borgaryfirvalda er miðað við að borgin taki þátt í lausn fortíðarvanda Ísaksskóla.

Landakotsskóli

Landakotsskóli var stofnaður 1896 af St. Jósefssysturum. Skólinn er nú í eigu kaþólsku kirkjunnar sem hefur staðið að rekstri skólans frá upphafi. Lengst af starfaði skólinn án nokkurs opinbers stuðnings enda einkenndist starfið af sjálfboðastarfi ýmissa aðila og naut skólinn fjárhagsstuðnings kaþólsku kirkjunnar. Árið 1979 varð sú breyting á að skólans var getið á fjárlögum íslenska ríkisins. Í nokkurn tíma fram að því hafði verið falast eftir styrkjum til skólahaldsins hjá hinu opinbera en án árangurs. Þrátt fyrir að skólinn hafi komist á fjárlög árið 1979 virtist sem það væri tilviljunum háð hversu mikla styrki hann hlaut hverju sinni. Engar formlegar reglur voru settar um hlut hins opinbera í rekstri skólans og af framkvæmdinni að dæma hafa ekki heldur verið til óformlegar reglur. Reykjavíkurborg hafði hins vegar allt frá árinu 1959, er St. Jósefsskóli var lagður niður, styrkt Landakotsskóla með fjárhæð sem nam einu stöðugildi kennara.

Húsnæði Landakotsskóla hefur vaxið töluvert undanfarin ár, enda hefur starf skólans aukist með nýrri unglingadeild. Tvær nýbyggingar hafa verið teknar í notkun og hefur skólinn fjármagnað þær með framlagi velgjörðarmanna og styrk frá Reykjavíkurborg. Skólinn er sem stendur án íþróttahúss en til stendur að hefja bygginu þess innan skamms. Hefur Reykjavíkurborg ákveðið að veita styrk til þeirrar byggingar. Er sá styrkur skilyrtur þannig að hann endurgreiðist innan ákveðins árafjölda ef skólahald leggst af. Eins og hjá öðrum einkaskólum þurfa skólagjöld að bera viðhald húsnæðis og tækjakaup.

Waldorfsskólinn Sólstafir

Waldorfhreyfingin er stærsta óháða kennsluhreyfingin í heiminum og byggir hún á hugmyndafræði Rudolfs Steiners. Leikskóli Waldorfskólans á Íslandi var stofnaður fyrir framlag frá þýskum fyrirtækjum en í Evrópu er mikil hefð fyrir því að fyrirtæki styrki Waldorfskóla.

Í framhaldi af starfsemi leikskólans var stofnuð grunnskóladeild við leikskólann og árið 1994 komst Waldorfskólinn Sólstafir á laggirnar. Undir þeim hatti eru reknir tveir leikskólar og einn grunnskóli. Allar þrjár stofnanirnar eru reknar sem ein eining til að ná fram sem mestri hagræðingu. Í dag eru nemendur grunnskólans 30 talsins í 1. – 8. bekk. Viðvera barnanna í skólanum er einni klukkustund lengri en hjá skólum Reykjavíkurborgar. Ekki er greitt aukalega fyrir þá viðveru.

Wadorfskólinn Sólstafir leigir húsnæði af borginni og þar af eru tvær lausar kennslustofur. Mikill áhugi er hjá rekstaraðilum að stækka skólann og hafa þeir sótt um lóð hjá Reykjavíkurborg og látið teikna 150 manna skóla. Í þeim tillögum er gert ráð fyrir að 20-25 börn séu í hverjum hóp og að kennt verði upp í 10. bekk. Ekki hafa náðst samningar við borgina um framlag hennar til byggingarinnar en sótt hefur verið um að borgin greiði 60% af byggingarkostnaði, 20% komi úr rekstrinum og 20% frá einkaaðilum. Reykjavíkurborg styrkti Ísaksskóla í borgarstjóratíð Birgis Ísleifs Gunnarssonar og er það fordæmi sem aðrir skólar vísa til vegna húsnæðisstyrks.

Laun kennara Waldorfskólans Sólstafa eru greidd samkvæmt því sem reksturinn ræður við og því er halli á rekstri skólans kannski ekki eins mikill og hinna skólanna, en erfitt er að gera grein fyrir nákvæmri stöðu grunnskólans þar sem rekstur hans er ekki aðskilinn frá rekstri leikskólanna.

Viðhorf Reykjavíkurborgar

Andstaða við tvö kerfi

Nýlega kom út skýrsla starfshóps um einkarekna grunnskóla í Reykjavík (maí 2003). Því ber að fagna að Reykjavíkurborg geri úttekt á stöðu þessara skóla sem hafa um nokkurt skeið verið hornreka í borgarkerfinu.

Í skýrslunni koma fram ýmsar efasemdir um rekstur einkaskólanna og hver áhrif efling þeirra kunni að hafa á borgarreknu skólanna. Í grundvallaratriðum eru efasemdir starfshópsins fyrst og fremst þær að óhagkvæmt sé að starfrækja tvö kerfi í skólamálum. Í byrjun apríl 2003 var haft eftir formanni fræðsluráðs Reykjavíkur að ófært væri að hafa „tvöfalt kerfi“ í grunnskólum borgarinnar og átti hann þá við að bæði einkakerfi og opinbert kerfi þrifust illa saman. Í framhaldinu fullyrti hann að borgin vildi halda gangandi nokkrum einkaskólum en ekki auka umsvif þeirra.

Bent er á í skýrslu starfshópsins að ef nemandi fer úr borgarreknum skóla í einkarekinn sparist breytilegur kostnaður sem sé á bilinu 170-210 þúsund krónur en bent er á að einkareknu skólarnir fái styrk frá borginni sem nemi 228 þúsund krónum á hvern nemanda. Þá er nefnt í skýrslu borgarinnar að með fjölgun einkaskóla dragi úr fjárhagslegri hagkvæmni borgarskólanna þar sem nemendum þeirra fækki. Það leiði síðan til þess að einkaskólarnir sæki um hærra framlag þar sem það sé tengt meðalframlagi á nemenda í opinberu skólunum. Þetta nefna skýrsluhöfundar vítahring sem þurfi að varast m.a. með því hugsanlega að setja takmark á fjölda nemenda í einkaskólum.

Ef foreldrar sæktust eftir því að setja börnin sín í sjálfstæða skóla í stórum stíl þá er það auðvitað besti vitnisburðurinn um það að einhverjir borgarskólana eru ekki að standa sig og betri skilaboð geta borgaryfirvöld ekki fengið til þess að taka til hendinni. Sá vítahringur sem skýrsluhöfundar nefna getur ekki falist

Í því að foreldrar hafni skólum heldur á að líta á valfrelsi foreldra sem einstakt tæki fyrir sveitarfélög til að svara kalli og kröfum íbúa.

Í þeim efasemdum sem fram koma hjá borgaryfirvöldum um rekstur tvöfalds kerfis felst viss uppgjöf við að takast á við það verkefni að auka fjölbreytni, samkeppni og samanburð milli skóla. Mikilvægt er að hafa í huga að sú skoðun að tvöfalt kerfi sé fjárhagslega óhagkvæmt snertir ekki einungis rekstur tveggja kerfa eins og það er nefnt í skýrslu Reykjavíkurborgar heldur einnig möguleika foreldra til að velja hvaða grunnskóla sem er fyrir barnið sitt. Með sömu rökum og varðandi einkaskóla er hægt að fullyrða að með frelsi foreldra til að flytja barnið sitt úr einu hverfi í annað skapist sams konar vandamál og það sem borgin nefnir sérstaklega í tengslum við einkaskóla. Nú eru foreldrar nauðbeygðir til að velja hverfisgrunnskóla fyrir barnið sitt sem auðvitað er stærsta hindrun varðandi samanburð og samkeppni á milli grunnskóla hvort sem þeir eru í opinberum rekstri eða einkarekstri.

Vandamálið er því ekki hið tvöfalda kerfi eins og borgaryfirvöld halda fram en mun fremur ósveigjanleiki í rekstri grunnskóla. Ef tekið er dæmi af sveitarfélagi með tvo grunnskóla í rekstri þá kynni afnám hverfaskiptingar að hafa í för með sér að foreldrar tækju annan skólann fram yfir hinn, sem þá stæði að einhverju leyti auður. Þetta þýddi að sveitarfélagið þyrfti að óbreyttu að leggja í meiri fjárfestingar við góða skólann en láta húsnæði standa autt og mannafla sitja auðum höndum í óvinsæla skólanum.

Hér er dregið á eitt allra mikilvægasta málefnið varðandi þróun skólastarfs í grunnskólum og það snertir bæði sjálfstæða skóla og opinbera skóla. Svar sveitarfélags sem hyggst koma til móts við óskir foreldra um góða menntun fyrir börn þeirra og valfrelsi hlýtur að vera að koma á auknum sveigjanleika í rekstri skólanna. Það þýðir með öðrum orðum að vinsæli skólinn getur tekið við fleiri nemendum á kennara, umbunað kennurum og skólanum í samræmi við það á sama tíma og óvinsæli skólinn þarf að hafa svigrúm til þess að gera nauðsynlegar breytingar hjá sér, nú eða fá að lognast út af.

Ýmis ákvæði í kjarasamningum hindra eðlilegan sveigjanleika í skólastarfi. Til að mynda eru ákvæði um hámarksfjölda í bekk, þó ekki hafi verið sýnt fram á með óyggjandi hætti að slíkar takmarkanir þjóni tilgangi, og ýmsar takmarkanir eru á því að hægt sé að gera breytingar á yfirstjórn.

Tillögur VÍ til úrbóta

Verslunarráð hvetur eindregið til þess að málefni einkarekinna grunnskóla verði til umræðu hjá stjórnvöldum með það að leiðarljósi að starfsgrundvöllur þeirra verði áfram tryggður en ekki síður til þess að einkaskólar eigi tækifæri á að þróast áfram og gera gott betur í sínum rekstri. Verslunarráð vill að sveitarfélögin viðurkenni það valfrelsi foreldra grunnskólabarna sem þeir vissulega eiga rétt til og séu jákvæð gagnvart einkaframtaki í menntamálum. Verslunarráð telur hins vegar að það sé hlutverk Alþingis að tryggja þetta valfrelsi og að á það frelsi sé ekki gengið. Breytinga er þörf á réttarstöðu sjálfstæðra skóla og nemenda þeirra. Þær breytingar þarf að gera með opnum huga og án þess að rekstur skólanna verði njörvaður niður. Þarfir markaðarins, nemenda og foreldra í þessu tilviki, eru misjafnar og veita verður skólum tækifæri til að mæta þeim á hverjum tíma, hverjum á sinn hátt. Þær breytingar sem gera þarf eiga það allar sammerkt að varða ekki eingöngu stöðu einkaskólanna heldur eru þær skólum sveitarfélaganna einnig til hagsbóta.

Einkaskólar í lögum

Jafnvel þótt gert sé ráð fyrir einkaskólum í lögum um grunnskóla er ekkert vikið að rétti þeirra sem velja einkaskóla umfram skóla á vegum sveitarfélags. Helgast það ef til vill af þeirri óheppilegu afstöðu sem hugsanlega var ríkjandi áður fyrr, að stofnanir á borð við skóla ættu sér tilvist á eigin forsendum frekar en á forsendum notendanna, í þessu tilfelli nemenda.

Verslunarráð telur að breyta þurfi XIII kafla laganna um grunnskóla. Fella þarf 2. mgr. 56. gr.¹ brott en þó þannig að inn komi ákvæði sem tryggi öllum

¹ Grein 56 laga nr. 66/1995 um grunnskóla hljóðar nú svo: *Menntamálaráðherra er heimilt að löggilda grunnskóla eða hluta grunnskóla, sbr. 3. gr., sem kostaðir eru af einstökum mönnum eða stofnunum ef þeir starfa samkvæmt reglugerð eða skipulagsskrá sem ráðuneytið staðfestir. Slíkir skólar hlíti sama eftirliti og reglum og aðrir grunnskólar. Börn, sem sækja þessa einkaskóla, hafa undanþágu skv. 7. gr. en forstöðumaður skal fyrir upphaf hvers skólaárs senda hlutaðeigandi skólanefnd skrá um nemendur og tilkynna sömu aðilum allar breytingar á nemendaskrá jafnóðum og þær verða. Einkaskólar eiga ekki kröfu til styrks af almannafé. Um námsmat í einkaskólum fer skv. 45. og 46. gr.*

börnum sama rétt til kostnaðarpátttöku hins opinbera í menntun þeirra, óháð því hvaða og hvers konar skóla þau velja. Tillaga VÍ að nýrri 2. mgr. 56. gr.:

Sveitarfélag greiðir til einkaskóla með hverju barni sem skólann sækir, fjárhæð sem nemur meðaltali af kostnaði sveitarfélagsins vegna hvers barns í grunnskóla smkv. 1. gr.

Landið eitt skólaumdæmi

Stærstu sveitarfélögin hafa skipt sínum skólaumdæmum í fleiri, smærri skólahverfi. Þannig er ætlast til að grunnskólabarn sækir skóla á vegum sveitarfélagsins í því hverfi sem það á lögheimili. Þótt sjálfsagt sé það algengast að foreldrar velji skóla sem næst heimili barns þá er það ekki sjálfgefið að það fyrirkomulag henti öllum. Þá hindrar hverfaskiptingin eðlilega og nauðsynlega samkeppni milli skóla. Hverfaskipting vegna framhaldsskólanna reyndist ekki vel og hefur nýlega verið afnumin. Sú breyting hefur reynst nemendum framhaldsskólanna vel og hefur veitt skólunum sjálfum aðhald. Í tilfelli grunnskólanna er það í raun forsenda fyrir lífvænlegum rekstri þeirra að þeir geti boðið þjónustu sína öllum, óháð búsetu þeirra. Lengi var það t.a.m. erfiðleikum háð að börn utan Reykjavíkur sæktu einkaskóla í Reykjavík. Sveitarfélögin sem þau komu frá voru treg til að kosta skólagöngu þeirra ef þau leituðu hennar í annað sveitarfélag. Þetta hefur breyst töluvert undanfarið en ennþá eru þó ýmsar tæknilegar hindranir í vegi fyrir því að börn sækir skóla sveitarfélaga á milli.

Verslunarráð leggur til að hverfaskipting grunnskóla sveitarfélaganna verði afnumin.

Aukinn sveigjanleiki í rekstri skóla

Ýmis ákvæði í kjarasamningum hindra eðlilegan sveigjanleika í skólastarfi. Sveitarfélög hafa takmarkað svigrúm til þess að hafa áhrif á stjórnun skóla sinna þar sem ýmsar takmarkanir eru settar í lögum (um grunnskóla og lögum um réttindi og skyldur kennara og skólustjórnenda í grunnskólum) um möguleika sveitarfélaga til að gera breytingar á yfirstjórn og rekstri. Eðlilegt er þó telja að sveitarfélög hafi svigrúm til afskipta af skólum á þeirra vegum.

Verslunarráð Íslands telur mikilvægt að sveitarfélögum verði gefið aukið svigrúm til að hafa áhrif á stjórnun og rekstur skóla.

Afnám miðstýringar á útgáfu kennslugagna

Ennþá starfrækir ríkið sérstaka stofnun um námsefni grunnskólanemenda. Námsgagnastofnun gefur út nánast allt það námsefni sem stuðst er við í grunnskólum landsins. Skólar fá úthutað kvóta til bókaúttekta hjá þessari stofnun og eru því bundnir við það námsefni sem þar býðst. Það er löngu kominn tími til að velta fyrir sér nauðsyn slíkrar stofnunar því óneitanlega gefur slík miðstýring tilefni til efasemda um að fjölbreytni og sveigjanleiki í stefnumótun fái þrífist.

Verslunarráð telur eðlilegt að leggja niður Námsgagnastofnun. Gerð og útgáfu kennsluefnis á að styrkja með beinum hætti gerist þess þörf..

Þátttaka Sambands íslenskra sveitarfélaga

Verslunarráð telur æskilegt að Samband íslenskra sveitarfélaga fjalli um einkarekstur grunnskóla á sínum vettvangi. Afar mikilvægt er að þau sveitarfélög sem hafa reynslu af einkareknum skólum miðli henni til þeirra sveitarfélaga sem skortir hana. Eðli málsins samkvæmt eru það einkum stóru sveitarfélögin sem mesta reynsluna hafa en einkarekstur í skólakerfinu er ekki síður heppilegur í minni sveitarfélögum, sérstaklega ef samstarf þeirra er fyrir hendi.

Verslunarráð skorar á stóru sveitarfélögin til að beita sér fyrir tilraunaverkefnum á sviði einkareksturs grunnskóla.

Heimildaskrá:

Danska fjármálaráðuneytið (2000): *Borgernes tilfredshed med den offentlige sektor – en baggrundsrapport*. Kaupmannahöfn.

EURYDICE: *Key data on education in Europe 2002, Chapter B: Structures and Schools*. European Commission/Eurydice/Eruostat.

Fredrik Bergström og Mikael Sanström. Tímaritið *The Issues in School Choice; The Case of Sweden*, (1. tbl.), útg. The Friedman Foundation.

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur: *Einkareknir grunnskólar í Reykjavík. Skýrsla starfshóps um fjárhag skólanna og tillaga að fjárframlagi*. Reykjavík 2003.

Hagstofa Ástralíu: *Australian Statistics Yearbook*. Australia 2003.

Kamp Justesen, Morgens: *Learning from Europe, The Dutch and Danish school system*. Adam Smith Institute (2002).

Þór Sigfússon: *Skólar í einkaeign*. Reykjavík 1985.